| Þjónustustig | Heiti úrræðis | Stutt lýsing á starfssemi | Vefsíða | Hvaðan og á hvers vegum er þjónustuan eða úrræðið? | Samstarfsverkefni |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Allir með en enginn eins** | Fjölmenning í leikskóla. Vefur þar sem teknar eru saman fjölbreyttar upplýsingar um stuðning við fjöltyngd leikskólabörn. | Allir með | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 2 | **ART (Agression Replacement Training)** | Aðferð til að hjálpa börnum og fullorðnum að bæta félagsfærni, læra að stjórna reiði sinni, efla siðferðisþroska og draga úr árásargjarnri hegðun. Unnið er samhliða með félagsfærni, reiðistjórnun og eflingu siðferðisþroska í tíu skipti. Námskeið bæði fyrir hópa og einstaklinga. | ISART | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 2 | **Atvinnutengt nám** | Atvinnutengt nám er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla í Reykjavík sem, vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, glíma við verulegar áskoranir í námi eða mikla vanlíðan í skóla. Verkefninu er ætlað að bæta líðan nemenda og gefa þeim tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr. Úrræðið hefur það m.a. að markmiði að mæta þörfum nemenda á unglingastigi sem þurfa að komast úr hefðbundnu skólastarfi hluta skólatímans, t.d. einn dag í viku. Stundatöflu nemandans er breytt í samræmi við það. | https://reykjavik.is/atvinnutengt-nam | Vinnuskóli barna 14-17 ára; samstarf við aðrar stofnanir, fræðsla og námskeið, vinnuúrræði | |
| 2 | **Barna- og fjöskylduráðgjafi / félagsráðgjafi** | Starfar á miðstöð og veitir ráðgjöf til foreldra, barna og starfsmanna í skóla- og frístundastarfi. | Miðstöðvar í Reykjavík | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)** | Á BUGL er tekið á móti börnum upp að 18 ára aldri sem eiga við geðheilsuvanda að stríða. Þegar grunur vaknar um geðheilsuvanda hjá barni / unglingi getur farið af stað ferli sem leiðir til tilvísunar á BUGL. Forráðamenn leita fyrst eftir þjónustu innan síns sveitarfélags s.s. hjá heilsugæslu, félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvum eða sálfræðiþjónustu skóla. Helstu tilvísendur á BUGL eru greiningar-/meðferðarteymi, sérfræðilæknar, heilsugæslulæknar, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar; leikskóla- og grunnskólaþjónustu, félagsþjónustu eða Barnaverndar. | BUGL - Bæklingur | Heilbrigðisþjónusta | |
| 2 | **Barnahús** | Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Barnaverndarnefndir bera ábyrgð á vinnslu slíkra mála og geta óskað eftir þjónustu Barnahúss. Barnahús er rekið af Barna- og fjölskyldustofu. | Barnahús | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |
| 2 | **Brúarskóli** | Brúarskóli er sérskóli fyrir nemendur á unglingastigi og miðstigi sem þurfa á sérstöku námsumhverfi að halda til atferlisþjálfunar. Miðað er við að nemendur séu ekki lengur en 3 skólaár í skólanum. | Brúarskóli | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 2 | **Einstaklingsstuðningur / Hópastarf** | Að undangengnu mati hjá ráðgjafa á miðstöð geta börn fengið einstaklingsstuðning eða tekið þátt í hópastarfi til að styðja við þau og efla félagslega færni að loknum skóladegi. | Stuðningsþjónusta | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |
| 2 | **Ella** | Heildstætt búsetuúrræði fyrir einstæða foreldra og börn þeirra sem þurfa heilstæðan stuðning og búsetu. | Reykjavík.is | Önnur úrræði innan félagsþjónustulaga, T.d. stuðningsþjónusta (heimaþjónusta ofl.), foreldrafræðsla og skipulögð námskeið, Samvinna eftir skilnað, PEERS, PMTO ofl | |
| 2 | **Farteymi** | Teymi sem vinnur á miðstöð og hefur það hlutverka að vinna með starfsfólki skóla að því að stuðla að bættu atferli einstaka nemenda. | Farteymi | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Félagsmiðstöðin Askja við Klettaskóla** | Sértækt félagsmiðstöðvastarf fyrir börn og unglinga með samþykkta skólavist í Klettaskóla. Félagsmiðstöðin skiptist í starf fyrir yngri (10-12 ára) og eldri (13-16 ára). | Askja | Félagsmiðstöð | |
| 2 | **Félagsráðgjafi** | Starfar á miðstöð og veitir ráðgjöf til foreldra, barna og starfsmanna í skóla– og frístundastarfi. | | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf** | Markmið er að veita foreldrum stuðning og ráðgjöf við uppeldi barna sinna. Um er að ræða tímabundna þjónustu sem fer fram á heimili fjölskyldunnar og varir að jafnaði í um 2-6 mánuði.  Skiptist í þrjú teymi: Móttöku-, Framfara- og Millimenningarteymi. | Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |
| 2 | **Frístundaheimilið Gulahlíð við Klettaskóla** | Sértækt frístundaheimilastarf fyrir börn í 1.-4. bekk með samþykkta skólavist í Klettaskóla. | Gulahlíð | Frístundaheimili | |
| 2 | **Geðheilsumiðstöð barna (GMB)** | Geðheilsumiðstöð barna veitir 2. stigs heilbrigðisþjónustu á landsvísu fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga. Þverfaglegur starfshópur vinnur eftir markvissu skipulagi með fagleg gæði að leiðarljósi. Áhersla er á gott viðmót og fjölskyldumiðaða þjónustu. GMB á reglulegt samstarf við þjónustuveitendur víðsvegar um landið og sinnir starfsþjálfun háskólanema á sviðinu. | Geðheilsumiðstöð barna | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Hegðunarráðgjafi** | Er starfandi á miðstöð og veitir foreldrum og starfsmönnum ráðgjöf varðandi hegðunarfrávik sem eru með þeim hætti að þau eru truflandi fyrir viðkomandi barn. | Miðstöðvar í Reykjavík | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Heilsugæslan - sálfræðiþjónusta** | Sálfræðingar á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinna meðferð barna og ungmenna (undir 18 ára) við vægum til miðlungs alvarlegum tilfinningalega- og hegðunarvanda og veita foreldrum ráðgjöf. Fyrirkomulagið getur verið mismunandi milli stöðva og upplýsingar um það eru á síðum heilsugæslustöðva. Læknir á heilsugæslustöð sendir tilvísun til sálfræðings til nánara mats og upplýsir um áætlaðan biðtíma. | Heilsugæslan - sálfræðiþjónusta | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Helgarsmiðjan** | Markhópurinn eru einstaklingar með fötlunargreiningar og/eða aðrar greiningar eða raskanir sem standa þeim fyrir þrifum í félagsstarfi og samskiptum. Helgarsmiðjan er fyrir börn og unglinga 10-18 ára. Lögð er áhersla á hópastarf sem eflir félagsleg tengsl og þátttöku. **Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.** | Miðstöðvar í Reykjavík | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | Miðstöðvar í Reykjavík |
| 2 | **Klettaskóli** | Klettaskóli er sérskóli fyrir nemendur með margvíslegar fötlunargreiningar en einnig fyrir langveik börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda. | Klettaskóli | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 2 | **Klókir litlir krakkar** | Gagnreynt forvarnanámskeið fyrir foreldra barna með væg kvíðaeinkenni og/eða sem eru í hættu að þróa með sér kvíðaröskun (3-6 ára). Foreldrar mæta í sex skipti í 1½ tíma í senn. Veitt er fræðsla um kvíða og einnig er heimavinna milli tímanna. | Námskeið | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Meðferðarnámskeið við áráttu- og þráhyggju (OCD)** | Tilraunaúrræðið Sumarnámskeið fyrir unglinga með OCD verður haldið vorið 2025. Skimunarferli opnast þann 1. febrúar 2025. Námskeiðið er ætlað unglingum með áráttu- og þráhyggjuröskun og foreldrum þeirra.<br>Á OCD sumarnámskeiðinu fá allir fræðslu um hvað OCD er og hvernig það skemmir fyrir manni dagsdaglega. Unglingarnir læra aðferðir til að minnka þráhyggjur og áráttur.<br><br>Í hverjum tíma gera unglingar líka talsvert af æfingum, hver og einn með sínum þjálfara. Þegar unglingarnir vinna verkefni á námskeiðinu og taka þátt í áskorunum/æfingum til að streitast á móti OCD-inu, þá vinna þau sér inn stig sem þau geta skipta út fyrir ýmis gjafakort.<br><br>Hluti af námskeiðinu felur í sér að foreldrar mæta einnig í hóptíma með hinum foreldrunum til að skilja betur OCD, hvernig áhrif það hefur í daglegu lífi og hvaða verkfæri duga til að streitast á móti því. Foreldratímunum verður stýrt af reyndum sálfræðingi. | Meðferð fyrir unglinga með OCD | Heilbrigðisþjónusta | |
| 2 | **Námskeið fyrir foreldra um uppeldi barna með ADHD** | Foreldrar barna sem eru þegar greind með ofvirkni og/eða athyglisbrest (ADHD) og barna þar sem skimun eða frumgreining hefur sýnt hamlandi ADHD einkenni. Athugið að efnið hentar helst vegna barna frá fimmta að ellefta aldursári (1. - 6. bekkur), sem ekki hafa alvarlegar eða fjölbreyttar fylgiraskanir. | Uppeldi barna með ADHD \| Heilsugæslan | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Okkar heimur** | Okkar heimur er stuðningsúrræði fyrir börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda og var sett á laggirnar vegna skorts á stuðningi og fræðslu fyrir börn í þessari stöðu hér á landi. | Okkar heimur | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 2 | **PEERS námskeið** | Gagnreynt hópúrræði í 12 vikur í 1½ tíma í senn. Námskeiðið er ætlað 11-15 ára börnum og unglingum með slaka félagsfærni. Foreldrar og börn eru saman á námskeiðinu, en í sitt hvorum hópnum að mestu leyti. Markmiðið er að börnin öðlist bætta færni í samskiptum við vini og aðra og tækli félagslegar aðstæður betur. Heimavinna er unnin milli tímanna. Þjónustan er veitt aldursskipt, þ.e. annars vegar fyrir börn á miðstigi og hins vegar fyrir ungmenni á unglingastigi grunnskóla. | Námskeið | Önnur úrræði innan félagsþjónustulaga, T.d. stuðningsþjónusta (heimaþjónusta ofl.), foreldrafræðsla og skipulögð námskeið, Samvinna eftir skilnað, PEERS, PMTO ofl | |
| 2 | **PMTO foreldrafærni-námskeið/einstaklings námskeið** | Gagnreynt úrræði fyrir börn 4-12 ára með hegðunarvanda. Foreldrum er kennt að nota styðjandi uppeldisaðferðir. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun og bættri aðlögun barnsins. Þjónustan er stigskipt eftir eðli og umfangi vandans: Einstaklingsmeðferð í um 20 vikur fyrir mikinn vanda (veitt heima eða á skrifstofu), hópmeðferð í 14 vikur fyrir mikinn/meðalmikinn vanda og 8 vikna foreldranámskeið fyrir vægan vanda. | Námskeið Keðjunnar | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Ráðgjöf við börn og fjölskyldur** | Ráðgjafar miðstöðva veita barni og fjölskyldu ráðgjöf og stuðning á heimili fjölskyldunnar. Ráðgjafi leggur í samvinnu við fjölskylduna mat á þjónustuþörf fyrir frekari stuðning dugi ráðgjöf og stuðningur frá ráðgjafa miðstöðvar ekki til. | Stuðningsþjónusta við börn og fjölskyldur | Almenn félagsleg þjónusta, T.d. félagsráðgjöf, fjárhagsstuðningur, húsnæðismál ofl | |
| 2 | **Samvinna eftir skilnað (SES)** | Gagnreynt námskeið fyrir foreldra sem eru skilin, eru að skilja eða íhuga skilnað. Á námskeiðinu læra foreldrar að efla samvinnu sín á milli, með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Markhópur námskeiðsins eru foreldrar barna á aldrinum 0-18 ára. Foreldrar mæta þrisvar sinnum í tvo tíma í senn. | Námskeið | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | BOFS |
| 2 | **Sálfræðingur á miðstöð** | Metur stöðu barna þroska og veitir skólum og foreldrum ráðgjöf varðandi þroskastöðu barna og líðan. | Miðstöðvar í Reykjavík | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Senter** | Miðlægt úrræði lykilstofnana í málefnum barna í Breiðholti. Senter tekur á bráðamálum og fjölþættum vanda barna í hverfinu með snemmtækri íhlutun | Senter | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Sérdeildir** | Í átta grunnskólum í Reykjavík eru starfræktar sérdeildir fyrir börn með einhverfu og heyrnaskerðingu. | Menntun fyrir alla | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 2 | **Sérhæfðir leikskólar** | Þrír leikskólar hafa sérþekkingu, hver á sínu sviði og veita ráðgjöf á landsvísu. **Leikskólinn Sólborg** leggur áherslu á kennslu heyrnarskertra og heyrnarlausra barna, **Múlaborg** leggur áherslu á þekkingu starfs með fjölfötluðum börnum og **Suðurborg** leggur áherslu á kennslu einhverfra barna eftir viðurkenndum leiðum | Allir leikskólar \| Reykjavik | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 2 | **Sérkennsluráðgjafar** | Sérkennsluráðgjafar starfa á miðstöðvum og eiga nánu samstarfi við leik- og grunnskóla. Hlutverk þeirra er að veita börnum með þroskafrávik, foreldrum og starfsmönnum ráðgjöf og eftirfylgni með það fyrir augum að barnið geti notið skólagöngu sinnar í leik og námi. | Miðstöðvar í Reykjavík | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Snillingarnir** | Námskeið á vegum heilsugæslunnar fyrir börn með ADHD þar sem lögð er áhersla á þjálfun í samskiptum, tilfinningastjórn og athygli barna. | Snillingarnir | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Sorgarmiðstöðin** | Markmið Sorgarmiðstöðvar er að styðja við syrgjendur og alla þá sem vinna að velferð þeirra. Starfsemin lýtur fyrst og fremst að stuðningi, ráðgjöf, upplýsingaþjónustu og fræðslu. Sorgarmiðstöð er öllum opin og símaver er opið alla virka daga. | Sorgarmiðstöð | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 2 | **SPARE (Supporting Parenting Among Refugees in Europe)** | Tólf vikna námskeið ætlað arabísku- og úkraínskumælandi foreldrum sem hafa flúið land sitt. Markmiðið er að styrkja foreldrafærni og aðlögun fjölskyldunnar í nýju landi og draga úr líkum þess að áföll hafi áhrif á samskipti/uppeldi. | Námskeið | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | Menntavísindasvið HÍ |
| 2 | **Stuðningsfjölskyldur** | Hlutverk stuðningsfjölskyldna er að annast barn sem vegna aðstæðna sinna þarf aðstoð til skemmri eða lengri tíma til að draga úr álagi á fjölskyldu þess. Markmiðið er að veita barninu tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa því kost á auknum félagslegum tengslum. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð. | Stuðningsfjölskyldur | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Stuðningsheimilið Stigahlíð** | Veitir ungmennum á aldrinum 17-23 ára stuðning til búsetu. Umsjónarmaður býr í íbúð ásamt fjórum ungmennum sem búa þar sem leigutakar. Íbúðin er einnig notuð fyrir barnshafandi konur sem stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð. | Miðstöðvar í Reykjavík | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |
| 2 | **Stuðningsteymi barns** | Stofnað til stuðnings nemenda. Í teyminu sitja foreldrar, barn (hafi það aldur og þroska til), tengiliður, málstjóri ef mál komið til samþættingar. Einnig getur setið ráðgjafi á miðstöð, aðili frá frístund og fl. Teymið vinnur eftir stuðningsáætlun og farsældarlögum. | Farsæld barna | Önnur úrræði innan félagsþjónustulaga, T.d. stuðningsþjónusta (heimaþjónusta ofl.), foreldrafræðsla og skipulögð námskeið, Samvinna eftir skilnað, PEERS, PMTO ofl | |
| 2 | **Systkinasmiðjan** | Úrræðið er fyrir krakka á aldrinum 8 - 14 ára sem eiga það sameiginlegt að eiga systkini með fötlun. Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins rekur úrræðið. | Systkinasmiðjan | Önnur þjónusta við barnafjölskyldur - Lögregla (eftirlit, forvarnir, námskeið, fræðsla, samstarf við aðra), Sýslumaður (afgreiðsla og vinnsla í sifjamálum, samstarf við aðra, starf á vegum einkaaðila, Farsældarlög | |
| 2 | **Talmeinafræðingur** | Er starfandi á miðstöð og veitir skólum og foreldrum ráðgjöf varðandi málþroska. Metur stöðu barna og framburð og veitir talkennslu til þeirra barna sem falla undir skilgreiningu á því. | Miðstöðvar í Reykjavík | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Unglingabrúin** | Er er hluti af starfsemi Stígs og Traðar fyrir 16-18 ára ungmenn. Þátttakendur eiga það sameiginlegt að upplifa eða hafa upplifað félagslega einangrun. Markmið er að veita félagslegan stuðning og öruggt umhverfi í hóp, með möguleika á tengingu út í samfélagið eins og íþróttastarf, tómstundastarf, skátar, björgunarsveit eða annað hópastarf. Ungmenni í Unglingabrú hittast eitt kvöld í viku. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð. | Miðstöðvar í Reykjavík | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |
| 2 | **Unglingaráðgjafi** | Starfar á miðstöð og er sérfærðingur í málefnum unglinga og unglingsáranna. Veitir ráðgjöf og stuðning til starfsfólks og foreldra. | Miðstöðvar í Reykjavík | Miðstöð - ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta | |
| 2 | **Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð** | Félagslegur stuðningur í formi hópastarfs fyrir unglinga sem eiga það sameiginlegt að upplifa félagslega einangrun. Markmiðið er að bjóða öruggan vettvang til jákvæðra samskipta við jafnaldra, þar sem unnið er með hugmyndafræði reynslunáms og áhersla lögð á að takast á við ýmisskonar áskoranir sem efla einstaklinginn og virkja til þátttöku í sínu nærumhverfi. Unglingarnir mæta tvö kvöld í viku, þar sem fram fer stuðningur í hópavinnu, s.s. fjölbreyttrar tómstundaiðju og útivistar, í einstaklingsamtali og markmiðasetningu, sem og hópfundum. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð. | Unglingasmiðjur | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |